



Hjálparstarfið tekur vel á móti sjálfboðaliðum:

Starfið og stofnunin kynnt.
Sjálfboðaliðum kynnt öll verkefni sem þeir gætu unnið svo þeir geti valið það sem þeim fellur best. Þeim eru kynntir vinnutímar og þeir velja sér tíma.
Verkefni sem sjálfboðaliði á að vinna er vel kynnt svo hann getir lagt sem mest af mörkum.
Sjálfboðaliðum skal hjálpað til að falla í hóp annarra sjálfboðaliða.

Trúnaður í starfi:

Siðareglur eru kynntar í upphafi starfs sjálfboðaliða fyrir stofnunina. Sjálfboðaliði staðfestir með undirskrift sinni að hann fallist á að starfa eftir reglunum og halda trúnað eftir að hann hættir sjálfboðastarfi fyrir stofnunina.
Virðing og trúnaður ríkir milli starfsmanna, sjálfboðaliða og skjólstæðinga.
Sjálfboðaliði getur óhikað komið og talað við starfsfólk ef eitthvað á bjátar.

Þakkir og umbun:

Starfsmenn gera sér far um að eiga samneyti við sjálfboðaliðana og hjálpa þeim að fá sem mest út úr starfi sínu.
Stofnunin efnir til einhverrar uppákomu tvisvar á ári auk einhvers glaðnings í tilefni jóla. Sjálfboðaliðar tilnefna fulltrúa til að vinna með starfsfólki að þessu.

Sjálfboðaliðar sem sinna ráðgjafavinnu með skjólstæðingum:

Hjálparstarf kirkjunnar áskilur sér rétt til að leita að bakgrunnsupplýsingum um þá sjálfboðaliða sem taka að sér ráðgjafastörf sem fela í sér viðtöl og ráðgjöf við einstaklinga sem leita til Hjálparstarfsins. Þetta getur m.a. falið í sér að beðið verði um að sýnt sé fram á hreint sakarvottorð.

(uppfært 30.07.2018)